

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga, nr. 409 6. júlí 1998.

1. gr.

Í 7. gr. reglugerðarinnar komi í stað fjárhæðanna „220, 250, 275 eða 290 krónur“: 280, 315, 345 eða 365 krónur.

2. gr.

Í 9. gr. reglugerðarinnar komi í stað fjárhæðarinnar „460 krónur“: 580 krónur.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 48 19. maí 1988 sbr. lög nr. 123 15. desember 1997, öðlast gildi 1. janúar 2003.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. desember 2002.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

---

*Björn Friðfinnsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 10.500 á íbúð, m.v. 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar kr. 14.100 m.v. 240 l tunnu (lágmarkseining á hvern matshluta fasteignar). Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 pr. mánuð.

Leiga 1.100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 pr. mánuð.

Verð er með virðisaukaskatti og tekur breytingum skv. byggingavísitölu í janúar ár hvert (grunnvísitala 225,6 stig).

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 3.100 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.